

Mál nr. 406/2010
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða í Lækjargötu í Reykjavík þ. 7.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.12.2010 ásamt tveimur myndum
2. Bréf V-1 dags. 21.12.2010 ásamt fylgiskjöllum 1-7
3. Bréf V-2 dags. 5.1.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-5

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Lækjargötu og Amtmannsstígs í Reykjavík. Ökumönnum ber ekki saman um aðdraganda árekstursins. Ökumaður leigubifreiðarinnar A segist hafa verið að aka norður Lækjargötu og ætlað að taka hægri beygju upp Amtmannsstíg (segir Bókhlöðustíg) og tekið víða beygju fram fyrir B, sem hafi verið kyrrstæð og vírst vera að hleypa út farþegum. Hann hafi síðan verið nánast kominn inn á Amtmannsstíg (segir Bókhlöðustíg) þegar B hafi ekið inn í hlið A og síðan bakkað frá. Ökumaður B segist hafa ekið Lækjargötu eftir hægri akrein og hafi hann hugsað sér að hleypa tveimur farþegum út úr bílnum og hafi hann því hægt á B, en ekki stoppað og gefið stefnuljós og byrjað að keyra upp Amtmannsstíg, en þá séð A aka fram úr B við vegamótin og árekstur orðið. Þrír farþegar í bifreið B skýra frá með sama hætti varðandi áreksturinn og ökumaður B. Vitni, annar leigubifreiðastjóri, segist hafa verið stopp á Amtmannsstíg í röð leigubíla og tekið eftir B af því að hann var með gamlar númeraplötur. Hafi B stoppað við strætóskýli og vírst eitthvað óákveðinn og síðan farið á stað aftur og stoppað aftur en þá hafi A komið og farið fram fyrir B sem fór þá aftur á stað og árekstur varð.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik. Að virtum öllum gögnum málsins þar á meðal vitnisburðum vitna verður ekki úr því skorið með fullri vissu að annar ökumaður beri meiri sök en hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 25.1. 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.